

Ed.

76 Nefndarálit

um frumvarp til laga um dánarskýrslur.

Nefnd sú, sem hin háttvirta deild fól að athuga mál þetta, hefir yfirfarið frumvarpið, en hefir ekki getað orðið sammála um nytsemi þess.

Meiri hluti nefndarinnar litur svo á, að frumvarpið sé vel sniðið eftir þörfum og staðháttum hér á landi og að það bæti til mikilla muna úr vöntun þeirri, sem nú er á áreiðanlegum skýrslum um það, úr hverju menn deyja hér á landi og ræður því hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1909.

Aug. Flygenring,
formaður.

Sigurður Hjörleifsson,
skrifari og framsögumaður.

Alit minni hlutans.

Eg get ekki fallist á þá skoðun háttv. samnefndarmanna minna, að frumvarp þetta eigi að verða að lögum.

Eg lit svo á, að þingið eigi að forðast það, að búa til gagnslaus lög, svo sem þau, er þetta frumvarp bendir á.

Eins og nú stendur gefa lækna skýrslu um sjúkdóma þá, er fyrir koma í umdæmum þeirra og sem þeir verða varir við. Leiði þeir sjúkdómar til dauða geta þeir þess í skýrslum.

Nú er það kunnugt, að flestir eða allir leita læknis, þegar um alvarlega veiki er að ræða, og verður læknum þar af leiðandi oftast kunn dauðamein manna innan alls héraðsins.

Mér virðist því, að skýrslur læknanna, eins og stendur, þurfi ekki að vera allfjarri því rétta, að minsta kosti ef landlæknir hvetur þá til reglusemi í þessu efni.

En þegar þess er gætt, að frumvarpið gerir að eins ráð fyrir, að lík-skodun fari fram og dánarvottorð séu gefin í þeim kirkjusóknum, sem læknir býr í, þá virðist það ekki geta orðið til bóta, þar sem kirkjusóknirnar eru 276, en lækna ekki fleiri en 43. Lækna skoduðu þá lík eða gæfu dánarvottorð í tæplega 16 af hverjum hundrad sóknum, en prestar vottuðu um dauðamein manna í rúml. 84 af hundr. sóknum, og fæ eg ekki betur séð, en að það yrði til þess, að á slíkum skýrslum yrði ekkert að byggja.

Eg geri ráð fyrir, að þá er lög þau, sem hér er um að ræða, gengju í gildi, mundu lækna kasta áhyggjum sínum á prestana að þessu leyti, láta þá lögum samkvæmt gefa skýrslu um dauðamein manna í 233 kirkjusóknum, en

sjálfir gæfu þeir dánarvottorð í 43 sóknum, og tel eg það afturför frá því, sem nú er eða að minsta kosti til engra bóta.

Auk þess, sem frumvarp þetta virðist ekki geta komið að tilætluðum notum að því er dánarskýrslur snertir, eins og þegar er bent á, þá vil eg benda á það, að það eykur landssjóði kostnað verði það að lögum. Það eykur störf lækna að óþörfu og bakar oft aðstandendum hins látna óþægindi og erfiði og stundum kostnað.

Eg leyfi mér því samkvæmt framansögðu, að ráða hinni háttvirtu deild til að fella þetta frumvarp.

Alþingi, 27. febr. 1909.

Gunnar Ólafsson.